REGLUR UM AUGLÝSINGAR Í ÍÞRÓTTAMANNVIRKJUM DALABYGGÐAR

1. gr.

Í íþróttamannvirkjum Dalabyggðar eru tveir skjáir þar sem hægt er fá birtar auglýsingar sem uppfylla eftirfarandi reglur, að kostnaðarlausu.

2. gr.

Á skjánum geta lögráða einstaklingar, félagasamtök, stofnanir eða fyrirtæki fengið birta viðburði s.s. fundi, hátíðir, mót eða annað sem þau standa fyrir í Dalabyggð eða upplýsingar sem eiga erindi við almenning að öðru leyti. Miðað er við að viðburður sé opinn öllum, að minnsta kosti öllum á ákveðnum aldri eða kyni. Einnig geta félög fengið þar birt merki sín og dagskrá á meðan mótum á þeirra vegum stendur í mannvirkjunum.

3. gr.

Á tímabilinu 1. júní til og með 31. ágúst ár hvert er fyrirtækjum í Dalabyggð sömuleiðis heimilt að auglýsa þjónustu sína, svo lengi sem þær auglýsingar brjóta ekki í bága við aðrar greinar þessara reglna. Slík auglýsing gengur allt tímabilið og kostar tímabilið 15.000 kr.- Greiðsla er innheimt af Dalabyggð. Eitt og sama verðið, sama hvenær auglýsing berst til birtingar á tímabilinu. Heimilt er að endurnýja slíka auglýsingu á tímabilinu. Áfram er ókeypis að auglýsa viðburði sbr. 2. gr.

4. gr.

Auglýsingar sem á að birta þurfa að skila sér tímanlega á netfangið dalir@dalir.is til að fá birtingu. Ekki er hægt að tryggja birtingu ef auglýsing skilar sér innan 48 klst. fyrir viðburð.

5. gr.

Auglýsingar þurfa að skila sér tilbúnar til birtingar. Auglýsingu skal skila í stærð 1080x1920 px til að fá birtingu. Athugið að starfsfólk Dalabyggðar tekur ekki að sér uppsetningu auglýsinga.

6. gr.

Ekki er leyfilegt að auglýsa áfengi, tóbak og/eða annað sem ekki á erindi til barna og unglinga. Bannað er að setja upp auglýsingar sem varða stjórnmál, trúmál eða sem brjóta í bága við jafnrétti kynjanna eða almennt velsæmi.

7. gr.

Ekki er heimilt að hengja upp auglýsingar utan skjáa. Þær mega þó, ef þær uppfylla sömu reglur, liggja í afgreiðslu eða á borðum í kaffihorni. Starfsfólki er heimilt að fjarlægja auglýsingar sem eru hengdar upp og sömuleiðis auglýsingar sem dreift er í leyfisleysi í mannvirkjunum. Aðili sem gerist brotlegur við þessa grein skal hljóta aðvörun eftir fyrsta brot. Komi það fyrir aftur verður viðkomandi ekki heimilt að hafa auglýsingar í mannvirkjunum.

Samþykkt á 351. fundi byggðarráðs Dalabyggðar þann 18. júní 2026.